

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2018/1643****2020/EES/69/24****frá 13. júlí 2018**

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar inntak yfirlýsingar um viðmiðun sem stjórnandi viðmiðunar skal birta, ásamt tilvikum þar sem uppfærslu er krafist (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 frá 8. júní 2016 um vísitölur sem notaðar eru sem viðmiðanir í fjármálagerningum og fjárhagslegum samningum eða til að mæla árangur fjárfestingarsjóða og um breytingu á tilskipunum 2008/48/EB og 2014/17/ESB og reglugerð (ESB) nr. 596/2014 ⁽¹⁾, einkum fjórðu undirgrein 3. mgr. 27. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 skulu stjórnendur birta yfirlýsingu um viðmiðun fyrir viðmiðunina eða, eftir atvikum, fyrir fjölskyldu viðmiðana, ef leyft er að nota hana í Sambandinu.
- 2) Yfirlýsingar um viðmiðanir ættu að innihalda yfirgripsmiklar upplýsingar varðandi markaðinn eða efnahagslega veruleikann sem viðmiðuninni eða fjölskyldu viðmiðana er ætlað að mæla, ásamt útskýringu á því hvenær mæling þessa markaðar eða efnahagslega veruleika gæti orðið óáreiðanleg. Þetta er vegna þess að notendur og hugsanlegir notendur treysta á slíkar upplýsingar til að skilja til fullnustu viðmiðunina eða fjölskyldu viðmiðana.
- 3) Í yfirlýsingum um viðmiðanir ætti að tilgreina valkvæða þætti í aðferðafræði viðmiðunarinnar og einnig ferlið fyrir eftirámat slíks ákvörðunarfræslis. Þær upplýsingar eru nauðsynlegar til að tryggja að notendur og hugsanlegir notendur hafi skilning á því hve viðkvæm viðmiðunin, eða fjölskylda viðmiðana, er fyrir hagræðingu.
- 4) Mismunandi tegundir viðmiðana (þ.e. viðmiðanir á grundvelli eftirlitsskyldra gagna, vaxtaviðmiðanir, hrávöruviðmiðanir, mjög mikilvægar viðmiðanir, mikilvægar viðmiðanir og viðmiðanir sem eru ekki mikilvægar) falla undir mismunandi kröfur samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/1011. Yfirlýsing um viðmiðun ætti því að tilgreina greinilega og ótvírætt hvaða tegund eða tegunda viðmiðana sú viðmiðun eða fjölskylda viðmiðana tilheyrir.
- 5) Með tilliti til mjög mikilvægra viðmiðana ætti yfirlýsing um viðmiðun að innihalda viðbótarupplýsingar sem útskýra af hverju viðmiðunin er viðurkennd samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/1011 sem mjög mikilvæg til að notendur og hugsanlegir notendur hafi nauðsynlegar upplýsingar til að skilja á hvaða grundvelli viðmiðunin hafi verið viðurkennd sem mjög mikilvæg.
- 6) Notkun eftirlitsskyldra gagna leysir stjórnendur og aðila sem leggja þeim til gögn undan tilteknum skyldum samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/1011. Fyrir viðmiðanir á grundvelli eftirlitsskyldra gagna ætti stjórnendum því að bera skylda til að gefa upp gagnalindir þeirra og hvað gerir þær að viðmiðunum á grundvelli eftirlitsskyldra gagna.
- 7) Vegna sérstaks eðlis þeirra verða vaxtaviðmiðanir og hrávöruviðmiðanir að fullnægja ákvæðum sértækra viðauka við reglugerð (ESB) 2016/1011 í staðinn fyrir eða til viðbótar við að fullnægja II. bálki þeirrar reglugerðar. Stjórnendur slíkra viðmiðana ættu að tilgreina það í yfirlýsingunni um viðmiðun svo að notendur og hugsanlegir notendur geri sér þetta ljóst.
- 8) Stjórnendur mjög mikilvægra viðmiðana þurfa að hlíta auknu reglukerfi samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/1011. Því er mikilvægt að notendur og hugsanlegir notendur séu upplýstir á viðeigandi hátt um það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjóð. ESB L 274, 5.11.2018, bls. 29. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 238/2019 frá 27. september 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjóð. ESB L 171, 29.6.2016, bls. 1.

- 9) Þegar viðmiðun hefur eiginleika mismunandi tegunda viðmiðana ættu sértæk ákvæði þessarar reglugerðar, að því er varðar þessar mismunandi tegundir viðmiðana, að gilda samhliða og til viðbótar almennum birtingarkröfum til að láta notendum og hugsanlegum notendum í té ítarlegar upplýsingar um alla eiginleika viðmiðunarinnar.
- 10) Í samræmi við meðalhófsregluna er í þessari reglugerð forðast að leggja óhóflegar stjórnarsýslubyrðar á stjórnendur mikilvægra viðmiðana og viðmiðana sem eru ekki mikilvægar með því að kveða á um að takmarkaðri upplýsingar komi fram í yfirlýsingunni um viðmiðun þegar um er að ræða mikilvægar viðmiðanir og viðmiðanir sem eru ekki mikilvægar.
- 11) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 12) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitni hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði, sem komið var á fót með 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ⁽²⁾.
- 13) Rétt þykir að seinka gildistöku þessarar framseldu reglugerðar um tvo mánuði til að hún sé í samræmi við framseldu reglugerðina sem tilgreinir frekar þá þætti háttisreglnanna sem þróaðir skulu af stjórnendum viðmiðana sem byggjast á inntaksgögnum frá aðilum sem leggja fram gögn.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Almennar kröfur um upplýsingagjöf

1. Í yfirlýsingunni um viðmiðun skal koma fram:
 - a) birtingardagur yfirlýsingarinnar og, eftir atvikum, dagsetning síðustu uppfærslu hennar,
 - b) alþjóðlegt auðkennisnúmer verðbréfa (ISIN-númer) viðmiðunarinnar eða viðmiðananna, ef það liggur fyrir; fyrir fjölskyldu viðmiðana á hinn bóginn má í yfirlýsingunni láta í té upplýsingar um hvar ISIN-númerin eru aðgengileg almenningi án endurgjalds,
 - c) hvort viðmiðunin, eða einhver viðmiðun í fjölskyldu viðmiðana, sé ákvörðuð með því að nota framlögð inntaksgögn,
 - d) hvort viðmiðunin eða einhver viðmiðunin í fjölskyldu viðmiðana teljist vera ein af þeim tegundum viðmiðana sem taldar eru upp í III. bálki reglugerðar (ESB) 2016/1011, þ.m.t. í sértæku ákvæði sem liggur til grundvallar því að viðmiðunin teljist af slíkri tegund.
2. Þegar markaður eða efnahagslegur veruleiki er skilgreindur í yfirlýsingu um viðmiðun skulu a.m.k. eftirfarandi upplýsingar koma fram:
 - a) almenn lýsing á markaðnum eða efnahagslega veruleikanum,
 - b) landfræðileg mörk markaðarins eða efnahagslega veruleikans, ef einhver eru,
 - c) aðrar upplýsingar sem stjórnandinn hefur ástæðu til að ætla að skipti máli eða séu hjálplegar notendum eða hugsanlegum notendum viðmiðunarinnar til að skilja viðkomandi þætti markaðarins eða efnahagslega veruleikans, þ.m.t. í það minnsta eftirfarandi þætti að því marki sem áreiðanleg gögn um þessa þætti eru tiltæk:
 - i. upplýsingar um raunverulega eða hugsanlega þátttakendur á markaði,
 - ii. tilgreining á stærð markaðar eða efnahagslega veruleikans.
3. Þegar skilgreindar eru hugsanlegar takmarkanir viðmiðunar og aðstæður þar sem mælingar á markaðnum eða efnahagslega veruleikanum geta reynst óáreiðanlegar, í yfirlýsingu um viðmiðun, skal a.m.k. koma fram:
 - a) lýsing á aðstæðunum þar sem stjórnandann myndi skorta fullnægjandi inntaksgögn til að ákvarða viðmiðunina í samræmi við aðferðafræðina,

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stj.Éf. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

- b) eftir atvikum, lýsing á tilvikum þegar ekki er lengur hægt að tryggja nákvæmni og áreiðanleika aðferðafræðinnar sem notuð er til að ákvarða viðmiðunina, eins og þegar stjórnandinn telur seljanleika á undirliggjandi markaði vera ófullnægjandi,
- c) aðrar upplýsingar sem stjórnandinn hefur ástæðu til að ætla að séu viðeigandi eða hjálplegar til að aðstoða notendur og hugsanlega notendur við að skilja aðstæður þegar mælingar á markaði eða efnahagslegum veruleika geta reynst óáreiðanlegar, þ.m.t. lýsingu á því hvað telst vera óvenjulegur markaðsatburður.
4. Þegar tilgreint er eftirlit og reglur sem eiga við um beitingu eigin dómgreindar eða svigrúms stjórnandans eða aðila, sem leggja fram gögn, við að reikna út viðmiðun eða viðmiðanir skal yfirlýsing um viðmiðun innihalda yfirlit um hvert skref í ferlinu við að meta beitingu ákvörðunarfrelsis eftirá, ásamt skýrri tilgreiningu á stöðu allra aðila sem bera ábyrgð á að framkvæma matið.
5. Þegar tilgreindar eru verklagsreglur við endurskoðun aðferðafræðinnar skulu í yfirlýsingu um viðmiðun a.m.k. koma fram verklagsreglur fyrir samráð við almenning um verulegar breytingar á aðferðafræðinni.
6. Ákvæði c-liðar 3. mgr. og 5. mgr. gilda ekki um yfirlýsingu um viðmiðun:
- a) fyrir mikilvæga viðmiðun eða
- b) fyrir fjölskyldu viðmiðana sem inniheldur engar mjög mikilvægar viðmiðanir og samanstendur ekki einvörðungu af viðmiðunum sem eru ekki mikilvægar.
7. Þegar um er að ræða yfirlýsingu fyrir viðmiðun sem ekki er mikilvæg eða fyrir fjölskyldu viðmiðana sem samanstendur einvörðungu af viðmiðunum sem eru ekki mikilvægar:
- a) gilda eftirfarandi ákvæði þessarar greinar ekki:
- i. c-liður 2. mgr.,
- ii. b- og c-liður 3. mgr.,
- iii. 4. og 5. mgr. og
- b) má uppfylla kröfur a- og b-liðar 2. mgr. með því að hafa í yfirlýsingu um viðmiðun skýra tilvísun í útgefið skjal sem felur í sér sömu upplýsingar og endurgjaldslaus aðgangur er að.
8. Stjórnendum er heimilt að hafa viðbótarupplýsingar í lok yfirlýsinga sinna um viðmiðanir að því tilskildu, sé þetta gert með því að vísa í útgefið skjal sem inniheldur upplýsingarnar, að aðgangur að skjalinu sé endurgjaldslaus.

2. gr.

Sértækar birtingarkröfur um viðmiðanir á grundvelli eftirlitsskyldra gagna

Til viðbótar við upplýsingarnar sem eiga að vera í yfirlýsingu um viðmiðun skv. 1. gr. fyrir viðmiðanir á grundvelli eftirlitsskyldra gagna eða, eftir atvikum, fjölskyldu viðmiðana á grundvelli eftirlitsskyldra gagna, skal í lýsingu á inntaksgögnunum í yfirlýsingunni nefna a.m.k. eftirfarandi:

- a) gagnalindir notaðra inntaksgagna,
- b) fyrir hverja gagnalind, viðeigandi tegund eins og skráð er í 24. lið, 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2016/1011.

3. gr.

Sértækar birtingarkröfur fyrir vaxtaviðmiðanir

Til viðbótar við upplýsingarnar sem eiga að vera í yfirlýsingu um viðmiðun skv. 1. gr. fyrir vaxtaviðmiðanir eða, eftir atvikum, fjölskyldu vaxtaviðmiðana skal í henni nefna a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

- a) tilvísun sem vekur athygli notenda á að viðbótarreglugerfi gildi um vaxtaviðmiðanir skv. I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 2016/1011,
- b) lýsingu á ráðstöfunum sem gripið hefur verið til í því skyni að fara að þeim viðauka.

4. gr.

Sértækar birtingarkröfur fyrir hrávöruviðmiðanir

Til viðbótar við upplýsingarnar sem eiga að vera í yfirlýsingu um viðmiðun skv. 1. gr. fyrir hrávöruviðmiðun eða, eftir atvikum, fjölskyldu hrávöruviðmiðana skal í yfirlýsingunni a.m.k. vera:

- a) tilgreining á því hvort kröfur II. bóls í eða II. viðauka við reglugerð (ESB) 2016/1011 gildi um viðmiðunina eða fjölskyldu viðmiðana eins og mælt er fyrir um í 19. gr. þeirrar reglugerðar,
- b) útskýring á því hvers vegna II. bólkur í eða, eftir atvikum, II. viðauki við þá reglugerð, gildir,
- c) í skilgreiningu á lykilhugtökum, nákvæm lýsing á forsendunum fyrir skilgreiningu á viðkomandi undirliggjandi, áþreifanlegri hrávöru,
- d) eftir atvikum, upplýsingar um hvar birtar séu útskýringar sem stjórnandanum er skylt að birta skv. 7. mgr. II. viðauka við þá reglugerð.

5. gr.

Sértækar birtingarkröfur fyrir mjög mikilvægar viðmiðanir

Til viðbótar við upplýsingarnar sem eiga að vera í yfirlýsingu um viðmiðun skv. 1. gr. fyrir mjög mikilvægar viðmiðanir eða, eftir atvikum, fjölskyldu mjög mikilvægra viðmiðana skal í henni a.m.k. nefna eftirfarandi upplýsingar:

- a) tilvísun sem vekur athygli notenda á að aukið reglugerfi gildi um mjög mikilvægar viðmiðanir samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 2016/1011,
- b) yfirlýsingu sem tilgreinir hvernig notendur verða upplýstir um tafir á birtingu viðmiðunarinnar eða endurákvörðunar viðmiðunarinnar og tilgreinir (vænta) tímalengd ráðstafana.

6. gr.

Uppfærslur

Til viðbótar við tilvikin sem um getur í þriðju undirgrein 1. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 er nauðsynlegt að uppfæra yfirlýsinguna um viðmiðun hvenær sem upplýsingar sem koma fram í yfirlýsingunni eru ekki lengur réttar eða nægjanlega nákvæmar og alltaf í eftirfarandi tilvikum:

- a) hvenær sem breytingar verða á tegund viðmiðunarinnar,
- b) hvenær sem verulegar breytingar verða á aðferðafræðinni sem notuð er til að ákvarða viðmiðunina eða, sé yfirlýsing um viðmiðun fyrir fjölskyldu viðmiðana, á aðferðafræði sem notuð er til að ákvarða viðmiðanir innan fjölskyldu viðmiðana.

7. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 25. janúar 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. júlí 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.